Hagtíðindi
Statistical Series

Sjávarútvegur
Fisheries

2005:2 • 3. mars 2005

# Fiskiskipastóllinn í árslok 2004

*The fishing fleet at year-end 2004*

*Samantekt*

**Í árslok 2004 voru alls 1.824 fiskiskip á skrá hjá Siglingastofnun og hafði þeim fækkað um 48 frá árinu 2003. Vélskip voru 869 talsins og var samanlögð stærð þeirra alls 101.031 brúttótonn. Fjöldi vélskipa stóð í stað frá árinu 2003 en vélskipaflotinn dróst engu að síður saman um 1.299 brúttótonn. Togarar voru 70 talsins og fækkaði um einn frá árinu 2003. Samanlögð stærð þeirra var 86.048 brúttótonn og jókst stærð togaraflotans um 8.984 brúttótonn milli ára. Opnir fiskibátar voru 885 og vógu þeir 4.143 brúttótonn. Opnum fiskibátum fækkaði um 47 frá árinu 2003 og dróst heildarstærð þeirra saman um 188 brúttótonn.**

## Inngangur

*Tölurnar eru unnar upp úr skipaskrá Siglingastofnunar*

Fiskiskipastóllinn samanstendur af opnum fiskibátum, vélskipum og togurum. Í þessu riti verður annars vegar fjallað um fiskiskipastólinn í heild, þ.e. þær tegundir fiskiskipa sem nefndar eru hér að ofan og hins vegar þilfarsskipastólinn, þ.e. vélskip og togara. Þetta er gert vegna þess að opnir fiskibátar eru mjög margir en einungis hluti þeirra leggur upp afla og er sá afli lítill hluti af heildarafla íslenskra fiskiskipa.

*Umfjöllun er óháð réttindum til fiskveiða*

Tölur um fjölda fiskiskipa eru unnar upp úr skipaskrá Siglingastofnunar eins og hún stóð í árslok 2004. Tölur fyrir eldri ár eru unnar úr skipaskrám eins og þær stóðu í lok hvers árs. Í skipaskrá Siglingastofnunar eru skráð öll fiskiskip án tillits til veiðiréttinda þeirra. Því eru í þessum tölum skip sem ekki hafa veiðiheimildir í íslenskri lögsögu, og einnig skip með veiðiheimildir sem ekki eru nýttar á viðkomandi skipi heldur fluttar á önnur skip.

## Fjöldi fiskiskipa

*Fiskiskipum fækkar*

Samkvæmt skipaskrá Siglingastofnunar voru fiskiskip Íslendinga samtals 1.824 í árslok 2004. Þar af reyndust þilfarsskip (þ.e. vélskip og togarar) vera 939 talsins, vélskip 869 og togarar 70. Alls fækkaði fiskiskipum um 48 frá árinu 2003 og er það fyrst fremst opnum fiskibátum sem fækkar. Í árslok 2004 voru þeir 885 talsins og hafði þá fækkað um 47 frá árinu á undan. Togurum fækkaði um einn en engin breyting varð á fjölda vélskipa.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Þilfarsskipastóllinn 1991–2004**
*Figure 1. Decked vessels and trawlers 1991–2004*




**Mynd 2. Fiskiskipastóllinn eftir landshlutum 2004**
*Figure 2. The fishing fleet by region 2004*




## Fjöldi eftir landsvæðum og stöðum

*Flest fiskiskip með heimahöfn á Vestfjörðum*

Flest fiskiskip voru með skráða heimahöfn á Vestfjörðum í árslok 2004 eða 344 skip sem samsvarar um 18,9% fiskiskipastólsins. Næst flest, eða 310 talsins voru fiskiskip skráð á Vesturlandi eða 17% fiskiskipastólsins. Fæst skip voru skráð með heimahöfn á Norðurlandi vestra, 99 talsins sem samsvarar 5,4% fiskiskipastólsins. Í árslok 2004 voru opnir fiskibátar flestir á Vesturlandi eða 171 en á Vestfjörðum voru 155 opnir fiskibátar og á Norðurlandi eystra 153. Fæstir voru opnir fiskibátar á Suðurlandi eða 29 talsins. Vélskip voru flest á Vestfjörðum eða 182, á Vesturlandi voru þau 132 og 131 talsins á Suðurnesjum. Togarar voru flestir á Norðurlandi eystra eða 18 talsins, en 14 togarar voru skráðir á höfuðborgarsvæðinu.

*Flest fiskiskip með heimahöfn í Reykjavík*

Ef litið er til einstakra hafna kemur í ljós að flest fiskiskip áttu heimahöfn í Reykjavík eða 101 skip. Næst flest voru fiskiskipin í Ólafsvík en þar var 81 skip skráð með heimahöfn. Í Reykjavík voru flestir opnir fiskibátar skráðir, alls 46 talsins en 43 bátar áttu heimahöfn í Stykkishólmi. Flest vélskip voru skráð með heimahöfn í Grindavík eða 54 skip, í Reykjavík voru 46 vélskip skráð með heimahöfn og 45 í Vestmannaeyjum. Togarar voru flestir skráðir á Akureyri, 10 talsins en 9 voru með heimahöfn í Reykjavík.

## Stærð og stærðarskipting fiskiskipastólsins

*Stærð togaraflotans eykst*

Breytingar urðu á stærð fiskiskipastólsins frá árslokum 2003 til ársloka 2004. Þilfarsskipastóllinn vóg tæplega 187.100 brúttótonn, þar af var heildarstærð vélskipaflotans rúmlega 101.000 brúttótonn en togarar vógu rúm 86.000 brúttótonn. Opnir fiskibátar vógu rétt rúm 4.100 brúttótonn. Samanburður milli ára sýnir fram á aukningu í heildarstærð fiskiskipaflotans um 7.497 brúttótonn (4,1%). Sá samdráttur sem varð á milli áranna 2002 og 2003 hefur því að mestu leyti verið bættur upp. Aukningin frá árslokum 2003 til ársloka 2004 varð eingöngu innan togaraflotans, en stærð hans jókst um 8.984 brúttótonn (11,7%). Heildarstærð vélskipa dróst saman um 1.299 brúttótonn (1,3%) og opinna fiskibáta um 188 brúttótonn (4,3%). Í lok ársins 2004 voru vélskipin flest í minnsta stærðarflokknum, þ.e. flokki vélskipa 10 brúttótonn eða minni, alls 377 skip sem eru 43,3% allra vélskipa. Vélskip í stærðarflokknum 11 til 25 brúttótonn voru næst flest eða 201 talsins. Fæst voru hins vegar vélskip á bilinu 501 til 1.000 brúttótonn eða 18 talsins. Þeir 70 togarar sem skráðir voru við árslok 2004 skiptust jafnt í 35 togara undir 1.000 brúttótonnum og 35 yfir 1.000 brúttótonn að stærð. Af opnum fiskibátum voru flestir á bilinu 3 til 5 brúttótonn eða samtals 463 talsins.

**Mynd 3. Stærð fiskiskipastólsins í brúttótonnum 2004 eftir gerð fiskiskipa**
*Figure 3. Size of the fishing fleet in gross tonnage 2004 by type of vessel*



## Afl aðalvéla

*Orka aðalvéla rúm 539.000 kW*

Afl aðalvéla er mælt í kílóvöttum (kW) og var heildarafl aðalvéla fiskiskipaflotans í árslok 2004 rúmlega 539.000 kW og jókst um rétt rúm 6.700 kW frá árinu áður. Aðalvélar vélskipa voru 318.500 kW, togaraflotans tæp 144.300 kW og vélarafl opinna fiskibáta tæplega 76.600 kW. Sú þróun sem varð á árunum 2002 og 2003 í minnkun á vélarafli þilfarsskipa snýst því við með aukningu vélarafls árið 2004.

**Mynd 4. Þilfarsskipastóllinn 1991–2004. Afl aðalvéla**
*Figure 4. Decked vessels and trawlers 1991–2004. Power of main engine*




## Aldur fiskiskipa

*Meðalaldur flotans 20,5 ár*

Meðalaldur íslenska fiskiskipastólsins var 20,5 ár í árslok 2004. Meðalaldur togaraflotans var 23,7 ár, vélskipa 20,1 ár en meðalaldur opinna fiskibáta var 20,4 ár. Meðalsmíðaár þilfarsskipaflotans í árslok 2004 var árið 1984, en miðtala aldurs hans gefur smíðaárið 1987.

**Mynd 5. Þilfarsskipastóllinn 1991–2004. Miðtala aldurs og meðalaldur**
*Figure 5. Decked vessels and trawlers 1991–2004. Median- and average age*



**Tafla 1. Fiskiskipastóllinn í árslok 2003 og 2004**
*Table 1. The fishing fleet at year end 2003 and 2004*

| | Fjöldi[1] *Number*[1] | | Brúttótonn (bt.) *Gross tonnage (GT)* | |
|---|---|---|---|---|
| | 2003 | 2004 | 2003 | 2004 |
| **Samtals** ***Total*** | **1.872** | **1.824** | **183.725** | **191.222** |
| Vélskip *Decked vessels* | 869 | 869 | 102.330 | 101.031 |
| Togarar *Trawlers* | 71 | 70 | 77.064 | 86.048 |
| Opnir fiskibátar *Undecked vessels* | 932 | 885 | 4.331 | 4.143 |
| **Vélskip** ***Decked vessels*** | | | | |
| **Stærð í brúttótonnum** ***Size in gross tonnage*** | **869** | **869** | **102.330** | **101.031** |
| <100 | 669 | 681 | 10.945 | 11.139 |
| 100–499 | 154 | 143 | 39.708 | 37.047 |
| 500–999 | 22 | 18 | 15.007 | 12.064 |
| 1.000–1.499 | 16 | 18 | 19.649 | 22.168 |
| 1.500–4.999 | 8 | 9 | 17.022 | 18.612 |
| **Aldur** ***Age*** | **869** | **869** | **102.330** | **101.031** |
| 0–4 | 178 | 147 | 14.324 | 13.802 |
| 5–9 | 32 | 80 | 1.504 | 2.194 |
| 10–19 | 298 | 291 | 21.483 | 20.411 |
| 20–29 | 132 | 119 | 18.302 | 17.998 |
| 30–39 | 148 | 136 | 31.593 | 26.539 |
| 40 + | 81 | 96 | 15.123 | 20.086 |
| **Togarar** ***Trawlers*** | | | | |
| **Stærð í brúttótonnum** ***Size in gross tonnage*** | **71** | **70** | **77.064** | **86.048** |
| 100–499 | 5 | 4 | 1.982 | 1.721 |
| 500–999 | 33 | 31 | 23.791 | 22.766 |
| 1.000–1.499 | 21 | 21 | 26.165 | 26.165 |
| 1.500–4.999 | 12 | 13 | 25.126 | 27.591 |
| >5.000 | – | 1 | – | 7.805 |
| **Aldur** ***Age*** | **71** | **70** | **77.064** | **86.048** |
| 0–4 | 2 | 3 | 4.687 | 7.151 |
| 5–9 | 4 | 3 | 9.109 | 6.141 |
| 10–19 | 18 | 19 | 22.710 | 32.964 |
| 20–29 | 27 | 19 | 21.973 | 14.802 |
| 30–39 | 20 | 26 | 18.585 | 24.991 |
| **Opnir fiskibátar** ***Undecked vessels*** | | | | |
| **Stærð í brúttótonnum** ***Size in gross tonnage*** | **932** | **885** | **4.331** | **4.143** |
| 0–2,99 | 124 | 112 | 319 | 288 |
| 3–4,99 | 491 | 463 | 2.063 | 1.953 |
| 5–6,99 | 266 | 261 | 510 | 1.482 |
| 7–8,99 | 26 | 25 | 197 | 188 |
| 9–10,99 | 23 | 23 | 219 | 219 |
| 11 og þyngri *and more* | 2 | 1 | 24 | 11 |
| **Aldur** ***Age*** | **932** | **885** | **4.331** | **4.143** |
| 0–4 | 24 | 22 | 106 | 79 |
| 5–9 | 58 | 60 | 329 | 336 |
| 10–14 | 102 | 79 | 543 | 408 |
| 15–19 | 282 | 271 | 1.478 | 1.440 |
| 20+ | 461 | 453 | 1.863 | 1.880 |
| Aldur óþekktur *Age unknown* | 5 | – | 19 | – |

[1] Einnig eru á skrá fjögur hvalveiðiskip. *There are also four whalers registered.*

**Heimild** *Source*: Siglingastofnun Íslands. *The Icelandic Maritime Administration.*

**Tafla 2. Fiskiskipastóllinn eftir staðsetningu heimahafnar í árslok 2004. Fjöldi, stærð, afl aðalvéla og meðalaldur**

*Table 2. The fishing fleet by region of home port at year end 2004. Number, capacity, power of main engine and average age*

| Brúttótonn (bt.) *Gross tonnage (GT)* | Samtals *Total* | Opnir fiskibátar *Undecked vessels* | Vélskip Alls *Total* | Vélskip 0–10 | Vélskip 11–25 | Vélskip 26–100 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi skipa alls** | | | | | | |
| ***Total number of vessels*** | **1.824** | **885** | **869** | **377** | **201** | **103** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region* | 194 | 104 | 76 | 26 | 24 | 12 |
| Suðurnes *Southwest* | 214 | 77 | 131 | 43 | 38 | 23 |
| Vesturland *West* | 310 | 171 | 132 | 47 | 35 | 17 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 344 | 155 | 182 | 100 | 40 | 20 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 99 | 47 | 44 | 23 | 10 | 8 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 296 | 153 | 125 | 72 | 22 | 7 |
| Austurland *East* | 256 | 149 | 101 | 55 | 16 | 3 |
| Suðurland *South* | 111 | 29 | 78 | 11 | 16 | 13 |
| **Brúttótonn alls** | | | | | | |
| ***GT Total*** | **191.222** | **4.143** | **101.031** | **2.496** | **3.428** | **5.216** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region* | 34.885 | 480 | 6.267 | 160 | 396 | 549 |
| Suðurnes *Southwest* | 20.771 | 368 | 15.251 | 306 | 673 | 1.369 |
| Vesturland *West* | 21.233 | 802 | 14.148 | 303 | 595 | 907 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 14.816 | 693 | 8.507 | 648 | 695 | 925 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 9.437 | 230 | 1.375 | 149 | 176 | 402 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 42.270 | 712 | 18.533 | 485 | 384 | 287 |
| Austurland *East* | 22.786 | 712 | 16.722 | 376 | 242 | 117 |
| Suðurland *South* | 25.026 | 146 | 20.227 | 69 | 267 | 660 |
| **Afl aðalvéla, kW, alls** | | | | | | |
| ***Total power of main engine, kW*** | **539.375** | **76.590** | **318.501** | **60.690** | **35.071** | **29.208** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region* | 73.881 | 8.562 | 23.997 | 3.716 | 3.556 | 3.452 |
| Suðurnes *Southwest* | 60.159 | 6267 | 45.093 | 6.690 | 7.048 | 6.882 |
| Vesturland *West* | 74.952 | 16.149 | 46.345 | 7.203 | 6.396 | 4.912 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 68.276 | 13.960 | 43.779 | 17.815 | 6.901 | 5.375 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 29.003 | 4.214 | 9.997 | 3.595 | 2.139 | 2.622 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 98.373 | 11.719 | 47.806 | 11.188 | 3.521 | 1.936 |
| Austurland *East* | 75.884 | 13.051 | 53.187 | 8.586 | 2.993 | 666 |
| Suðurland *South* | 58.847 | 2.668 | 48.297 | 1.897 | 2.517 | 3.363 |
| **Meðalaldur** | | | | | | |
| ***Average age*** | **20,5** | **20,4** | **20,1** | **12,3** | **18,7** | **32,1** |
| Höfuðborgarsvæði[1] *Capital region* | 20,5 | 21,0 | 20,5 | 14,5 | 21,4 | 27,5 |
| Suðurnes *Southwest* | 22,0 | 21,1 | 22,4 | 14,7 | 15,2 | 39,2 |
| Vesturland *West* | 19,8 | 20,0 | 19,5 | 11,1 | 15,1 | 26,1 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 19,1 | 20,5 | 17,7 | 10,1 | 20,6 | 32,5 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 19,5 | 19,5 | 18,6 | 10,9 | 18,9 | 33,0 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 19,6 | 20,4 | 18,0 | 12,2 | 22,2 | 34,9 |
| Austurland *East* | 18,9 | 19,3 | 18,0 | 12,4 | 13,5 | 29,7 |
| Suðurland *South* | 24,7 | 21,0 | 26,1 | 12,3 | 22,4 | 34,0 |

[1] Til viðbótar eru fjögur hvalveiðiskip á höfuðborgarsvæðinu. *In addition there are four whalers in the Capital region.*

**Heimild** *Source*: Siglingastofnun Íslands. *The Icelandic Maritime Administration.*

| Decked vessels | | | | Togarar *Trawlers* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 101–300 | 301–500 | 501–1.000 | 1.001– | Alls *Total* | 0–1.000 | 1.001– |
| **96** | **47** | **18** | **27** | **70** | **35** | **35** |
| 9 | 3 | – | 2 | 14 | 3 | 11 |
| 12 | 8 | 5 | 2 | 6 | 3 | 3 |
| 23 | 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 |
| 14 | 6 | 2 | – | 7 | 5 | 2 |
| 2 | 1 | – | – | 8 | 5 | 3 |
| 7 | 7 | 3 | 7 | 18 | 8 | 10 |
| 12 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 17 | 11 | 5 | 5 | 4 | 2 | 2 |
| **19.518** | **17.530** | **12.064** | **40.780** | **86.048** | **24.487** | **61.561** |
| 1.443 | 973 | – | 2.746 | 28.138 | 2.004 | 26.134 |
| 2.503 | 3.239 | 3.294 | 3.867 | 5.152 | 1.916 | 3.236 |
| 4.754 | 2.158 | 688 | 4.744 | 6.281 | 3.291 | 2.991 |
| 2.752 | 2.204 | 1.284 | – | 5.614 | 3.113 | 2.502 |
| 314 | 334 | – | – | 7.832 | 3.308 | 4.524 |
| 1.506 | 2.695 | 1.970 | 11.205 | 23.026 | 6.033 | 16.993 |
| 2.480 | 1.964 | 1.066 | 10.477 | 5.352 | 3.082 | 2.270 |
| 3.766 | 3.963 | 3.762 | 7.740 | 4.653 | 1.741 | 2.912 |
| **49.801** | **34.052** | **24.499** | **85.180** | **144.284** | **49.320** | **94.964** |
| 4.601 | 2.282 | – | 6.390 | 41.322 | 4.349 | 36.973 |
| 6.083 | 5.690 | 4.909 | 7.791 | 8.799 | 3.122 | 5.677 |
| 11.437 | 4.590 | 735 | 11.072 | 12.458 | 7.258 | 5.200 |
| 6.873 | 3.870 | 2.945 | – | 10.537 | 6.481 | 4.056 |
| 957 | 684 | – | – | 14.792 | 7.394 | 7.398 |
| 4.090 | 5.242 | 3.599 | 18.230 | 38.848 | 11.177 | 27.671 |
| 6.664 | 4.118 | 2.002 | 28.158 | 9.646 | 6.157 | 3.489 |
| 9.096 | 7.576 | 10.309 | 13.539 | 7.882 | 3.382 | 4.500 |
| **30,9** | **33,7** | **27,4** | **21,0** | **23,7** | **27,8** | **18,3** |
| 24,1 | 29,0 | – | 16,5 | 17,7 | 25,0 | 15,7 |
| 28,9 | 35,5 | 33,0 | 14,0 | 22,8 | 25,7 | 20,0 |
| 33,3 | 39,3 | 12,0 | 24,7 | 24,3 | 27,6 | 16,0 |
| 33,3 | 37,2 | 22,5 | – | 27,3 | 28,8 | 23,5 |
| 38,0 | 38,0 | – | – | 24,9 | 30,6 | 15,3 |
| 26,7 | 33,1 | 28,7 | 20,0 | 23,2 | 24,3 | 22,4 |
| 32,1 | 28,4 | 37,0 | 29,0 | 24,7 | 28,5 | 17,0 |
| 30,4 | 29,1 | 31,0 | 21,8 | 24,3 | 32,0 | 16,5 |

**Tafla 3. Fiskiskipastóllinn eftir stærðarflokkum og heimahöfn í árslok 2004**

*Table 3. The fishing fleet by size categories and home port at year end 2004*

| Brúttótonn (bt.)<br>*Gross tonnage (GT)* | Samtals<br>*Total* | Opnir fiskibátar<br>*Undecked vessels* | Vélskip<br>Alls *Total* | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 0–10 | 11–25 | 26–100 |
| **Fjöldi** ***Number*** | | | | | | |
| **Allar hafnir** ***All home ports*** | **1.824** | **885** | **869** | **377** | **201** | **103** |
| **Höfuðborgarsvæði** ***Capital region*** | **194** | **104** | **76** | **26** | **24** | **12** |
| Reykjavík[1] | 101 | 46 | 46 | 14 | 14 | 7 |
| Seltjarnarnes | 1 | 1 | – | – | – | – |
| Kópavogur | 15 | 10 | 5 | 2 | 1 | 2 |
| Garðabær | 5 | 5 | – | – | – | – |
| Hafnarfjörður | 72 | 42 | 25 | 10 | 9 | 3 |
| **Suðurnes** ***Southwest*** | **215** | **77** | **131** | **44** | **38** | **23** |
| Grindavík | 67 | 10 | 54 | 13 | 16 | 11 |
| Sandgerði | 39 | 16 | 23 | 15 | 4 | 1 |
| Garður | 28 | 10 | 16 | 5 | – | 8 |
| Keflavík | 54 | 24 | 29 | 6 | 17 | 3 |
| Njarðvík | 9 | 5 | 4 | 2 | – | – |
| Vogar | 15 | 10 | 5 | 3 | – | – |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 2 | 2 | | | | |
| **Vesturland** ***West*** | **311** | **171** | **132** | **47** | **35** | **17** |
| Akranes | 55 | 31 | 19 | 6 | 9 | 1 |
| Borgarnes | 6 | 5 | 1 | 1 | – | – |
| Arnarstapi | 18 | 13 | 5 | 3 | 2 | – |
| Hellissandur | 9 | 1 | 8 | 2 | 2 | 2 |
| Rif | 27 | 9 | 18 | 2 | 7 | 3 |
| Ólafsvík | 81 | 40 | 41 | 19 | 7 | 8 |
| Grundarfjörður | 39 | 18 | 19 | 6 | 4 | 1 |
| Stykkishólmur | 62 | 43 | 19 | 6 | 4 | 2 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 13 | 11 | 2 | 2 | – | – |
| **Vestfirðir** ***Westfjords*** | **344** | **155** | **182** | **100** | **40** | **20** |
| Reykhólar | 6 | 4 | 2 | 1 | 1 | – |
| Barðaströnd | 8 | 5 | 3 | 3 | – | – |
| Brjánslækur | 7 | 3 | 4 | 2 | 2 | – |
| Patreksfjörður | 42 | 21 | 20 | 9 | 3 | 5 |
| Tálknafjörður | 24 | 6 | 18 | 14 | – | 1 |
| Bíldudalur | 23 | 6 | 17 | 4 | 7 | 4 |
| Þingeyri | 15 | 10 | 5 | 3 | 1 | – |
| Flateyri | 25 | 7 | 18 | 15 | 2 | – |
| Suðureyri | 24 | 9 | 15 | 13 | 2 | – |
| Bolungarvík | 44 | 19 | 25 | 13 | 7 | 1 |
| Hnífsdalur | 4 | 1 | 2 | – | 1 | – |
| Ísafjörður | 40 | 15 | 20 | 6 | 7 | 4 |
| Súðavík | 13 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 |
| Drangsnes | 23 | 14 | 9 | 5 | 2 | 2 |
| Hólmavík | 14 | 2 | 12 | 8 | 2 | – |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 32 | 28 | 4 | 3 | 1 | – |

| *Decked vessels* | | | | Togarar *Trawlers* | | |
|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|
| 101–300 | 301–500 | 501–1.000 | 1.001– | Alls *Total* | 0–1.000 | 1.001– |
| **96** | **47** | **18** | **27** | **70** | **35** | **35** |
| **9** | **3** | **–** | **2** | **14** | **3** | **11** |
| 7 | 2 | – | 2 | 9 | 2 | 7 |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 2 | 1 | – | – | 5 | 1 | 4 |
| **12** | **8** | **5** | **2** | **6** | **3** | **3** |
| 4 | 6 | 3 | 1 | 3 | – | 3 |
| 3 | – | – | – | – | – | – |
| 3 | – | – | – | 2 | 2 | – |
| 1 | – | 1 | 1 | 1 | 1 | – |
| 1 | 1 | – | – | – | – | – |
| – | 1 | 1 | – | – | – | – |
| **24** | **6** | **1** | **3** | **7** | **5** | **2** |
| – | – | – | 3 | 5 | 3 | 2 |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 2 | – | – | – | – | – | – |
| 2 | 3 | 1 | – | – | – | – |
| 6 | 1 | – | – | – | – | – |
| 7 | 1 | – | – | 2 | 2 | – |
| 6 | 1 | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| **14** | **6** | **2** | **–** | **7** | **5** | **2** |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 2 | 1 | – | – | 1 | 1 | – |
| 2 | 1 | – | – | – | – | – |
| 1 | – | 1 | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 3 | 1 | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | 1 | 1 | – |
| 1 | 2 | – | – | 5 | 3 | 2 |
| – | 1 | 1 | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 2 | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |

Tafla 3. Fiskiskipastóllinn eftir stærðarflokkum og heimahöfn í árslok 2004 (frh.)
*Table 3. The fishing fleet by size categories and home port at year end 2004 (cont.)*

| Brúttótonn (bt.) *Gross tonnage (GT)* | Samtals *Total* | Opnir fiskibátar *Undecked vessels* | Vélskip Alls *Total* | Vélskip 0–10 | Vélskip 11–25 | Vélskip 26–100 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Norðurland vestra** ***Northwest*** | **99** | **47** | **44** | **23** | **11** | **7** |
| Hvammstangi | 10 | 4 | 6 | 1 | 1 | 4 |
| Blönduós | 4 | 2 | 2 | 1 | 1 | – |
| Skagaströnd | 11 | 3 | 6 | 3 | 2 | – |
| Sauðárkrókur | 24 | 14 | 7 | 5 | 1 | – |
| Hofsós | 11 | 8 | 3 | 1 | 2 | – |
| Haganesvík | 3 | 2 | 1 | 1 | – | – |
| Siglufjörður | 31 | 13 | 15 | 8 | 3 | 3 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 5 | 1 | 4 | 3 | 1 | – |
| **Norðurland eystra** ***Northeast*** | **296** | **153** | **125** | **72** | **22** | **7** |
| Grímsey | 41 | 21 | 20 | 17 | 3 | – |
| Ólafsfjörður | 25 | 14 | 8 | 6 | – | 1 |
| Dalvík | 18 | 8 | 8 | 2 | 4 | 1 |
| Hrísey | 18 | 10 | 8 | 6 | – | 1 |
| Hauganes | 6 | 4 | 2 | 1 | – | 1 |
| Árskógssandur | 7 | 1 | 6 | 3 | 2 | – |
| Akureyri | 55 | 36 | 9 | 5 | 2 | – |
| Grenivík | 16 | 5 | 11 | 4 | – | – |
| Húsavík | 53 | 24 | 26 | 13 | 5 | 2 |
| Kópasker | 10 | 6 | 4 | 2 | 1 | 1 |
| Raufarhöfn | 22 | 9 | 13 | 10 | 3 | – |
| Þórshöfn | 20 | 10 | 10 | 3 | 2 | – |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 5 | 5 | – | – | – | – |
| **Austurland** ***East*** | **256** | **149** | **101** | **55** | **16** | **3** |
| Bakkafjörður | 17 | 10 | 7 | 4 | 2 | – |
| Vopnafjörður | 17 | 11 | 5 | 2 | 2 | – |
| Borgarfjörður eystri | 16 | 9 | 7 | 6 | 1 | – |
| Seyðisfjörður | 18 | 13 | 4 | 3 | 1 | – |
| Mjóifjörður | 5 | 3 | 2 | 1 | 1 | – |
| Neskaupstaður | 41 | 22 | 17 | 9 | 4 | – |
| Eskifjörður | 16 | 9 | 6 | 3 | 1 | – |
| Reyðarfjörður | 7 | 6 | 1 | 1 | – | – |
| Fáskrúðsfjörður | 20 | 15 | 4 | 2 | – | – |
| Stöðvarfjörður | 17 | 6 | 11 | 7 | 2 | 1 |
| Breiðdalsvík | 6 | 2 | 4 | 3 | – | 1 |
| Djúpivogur | 26 | 18 | 8 | 6 | 2 | – |
| Hornafjörður | 50 | 25 | 25 | 8 | – | 1 |
| **Suðurland** ***South*** | **111** | **29** | **78** | **11** | **16** | **13** |
| Vík | 3 | 1 | 2 | 1 | 1 | – |
| Stokkseyri | 3 | 0 | 3 | – | – | – |
| Eyrarbakki | 3 | 0 | 3 | – | 2 | – |
| Þorlákshöfn | 30 | 4 | 25 | 2 | 5 | 6 |
| Vestmannaeyjar | 70 | 22 | 45 | 8 | 8 | 7 |
| Aðrar hafnir *Other ports* | 2 | 2 | 0 | – | – | – |

[1] Í Reykjavík eru einnig fjögur hvalveiðiskip. *In Reykjavík there are also four whalers.*

**Heimild** Source: Siglingastofnun Íslands. *The Icelandic Maritime Administration.*

| *Decked vessels* | | | | Togarar *Trawlers* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 101–300 | 301–500 | 501–1.000 | 1.001– | Alls *Total* | 0–1.000 | 1.001– |
| **2** | **1** | **–** | **–** | **8** | **5** | **3** |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | 2 | – | 2 |
| – | 1 | – | – | 3 | 2 | 1 |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | 3 | 3 | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| | | | | | | |
| **7** | **7** | **3** | **7** | **18** | **8** | **10** |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | 1 | 3 | 1 | 2 |
| 1 | – | – | – | 2 | 1 | 1 |
| – | 1 | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – |
| – | 1 | 1 | – | 10 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 1 | 2 | – | – | – |
| 3 | 1 | 1 | 1 | 3 | 3 | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | 1 | – | 3 | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| | | | | | | |
| **12** | **5** | **2** | **8** | **6** | **4** | **2** |
| – | 1 | – | – | – | – | – |
| – | – | – | 1 | 1 | 1 | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | 1 | 1 | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 |
| – | – | – | 2 | 1 | – | 1 |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | 1 | 1 | 1 | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 10 | 3 | 1 | 2 | – | – | – |
| | | | | | | |
| **17** | **11** | **5** | **5** | **4** | **2** | **2** |
| – | – | – | – | – | – | – |
| 2 | 1 | – | – | – | – | – |
| 1 | – | – | – | – | – | – |
| 8 | 4 | – | – | 1 | 1 | – |
| 6 | 6 | 5 | 5 | 3 | 1 | 2 |
| – | – | – | – | – | – | – |

## English Summary

By the end of the year 2004 the total number of fishing vessels, registered at the Icelandic Maritime Administration, was 1,824, 48 vessels less than in the year 2003. The number of decked vessels was 869 and their combined size was 101,031 GT. The number of decked vessels was unaltered from 2003, however the decked-vessel fleet decreased by 1,299 GT. The number of trawlers was 70 by the year-end 2004 and their combined size amounted to 86,048 GT. The number of trawlers decreased by 1 since 2003 but the total size of the trawler fleet increased by 8,984 GT. The number of registered undecked vessels was 885 in 2004 weighing 4,143 GT. Undecked vessels were 47 less than in the year 2003 and their total size decreased by 188 GT.

Hagtíðindi
Statistical Series

**Sjávarútvegur**
***Fisheries***

90. árgangur nr. 9
2005:2

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4533 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4541 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 6*

Umsjón *Supervision* Hrefna M. Karlsdóttir • hrefna.karlsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*